

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbrefa fynrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbrefa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, lög nr. 124/1990, lög nr. 130/1990, lög nr. 24/1991 og lög nr. 47/1991, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum til minningar um Pálma Jónsson, Miðleiti 5, Reykjavík. Pálmi fæddist 23. júní 1923 og lést 4. apríl 1991.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Hagkaups hf. að fjárhæð kr. 2 000 000,00. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vísindalegri rannsóknarstarfsemi og efla menningu, listir, umhverfisvernd og líknarstarfsemi með styrkveitingu til einstaklinga og félaga. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Miklatorgs sf. Tilnefning-
ar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta skipti til 1. desember 1993.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reiknings-
ár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem
hagkvæmasta og öruggasta hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna
breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra
stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfé-
lagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. desember 1991.

Í stjórn sjóðsins.

Jónína S. Gísladóttir
f.h. Lilju Pálmadóttur
Ingibjörg Pálmadóttir

Jón Pálmason.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Sigurður Pálmason

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa
samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Selárdalssókn í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi verði sam- einuð Bíldudalssókn í sama prestakalli.

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 10. september sl., sbr.
bréf sr. Flosa Magnússonar prófasts dags. 3. september og 13. nóvember sl., þar sem farið er
fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Selárdalssókn í Bíldudalsprestakalli, Barða-
strandarprófastsdæmi verði sameinuð Bíldudalssókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki
viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr.
25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“